

Landsbankinn hf.
vt. Helga Björk Eiríksdóttir, stjórnarformaður
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2017


Efni: Ákvörðun launa og starfskjara bankastjóra Landsbankans hf.

Ný lög um kjararáð nr. 130/2016 voru samþykkt þann 22. desember sl. og taka þau gildi þann 1. júlí 2017. Með þeim er ákvörðunarvald um laun og starfskjör bankastjóra fært aftur í hendur stjórnar Landsbankans hf. frá og með 1. júlí 2017.

Bankasýsla ríkisins vill af þessu tilefni benda á að núgildandi eigandastefna ríkisins frá árinu 2009 fyrir fjármálafyrirtæki kveður á um að stefnan „gildi gagnvart aðilum sem fara með eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum og einnig þeim sem setjast í stjórnir fyrir hönd ríkisins“. Jafnframt kemur þar fram að „[o]pinber fjármálafyrirtæki skulu tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum. Með þessu er átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi.“ Í þessu sambandi er vert að benda á að í núgildandi starfskjarastefnu Landsbankans segir að bankinn leggi áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi og að við ákvörðun um starfskjör skuli horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Af þessu sama tilefni hefur Bankasýsla ríkisins fengið í upplýsingaskyni erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 6. janúar 2017, sem stofnunin vill vekja sérstaka athygli á. Um var að ræða bréf til stjórna félaga í meirihlutaeigu ríkisins sem falla undir almenna eigandastefnu ríkisins frá árinu 2012. Þar kemur m.a. fram að launastefna félags í meirihlutaeigu ríkisins skuli ekki vera leiðandi, eins og áréttað er í eigandastefnu fyrir fjármálafyrirtæki. Einnig er bent á mikilvægi þess að stjórnir hafi í huga áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði og ábyrgð félaganna í því sambandi. Æskilegt sé að launaákvæðanir séu varkárar, forðast miklar launabreytingar á stuttu tímabili en þess í stað hækka laun með reglubundnum hætti til samræmis við almenna launapróun.

Virðingarfyllst,


Jón G. Jónsson
Forstjóri

Meðfylgjandi:

Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 6. janúar 2017.

Íslandsbanki hf.
vt. Friðrik Sophusson, stjórnarformaður
Hagasmára 3
201 Kópavogi

Reykjavík, 23. janúar 2017


Efni: Ákvörðun launa og starfskjara bankastjóra Íslandsbanka hf.

Ný lög um kjararáð nr. 130/2016 voru samþykkt þann 22. desember sl. og taka þau gildi þann 1. júlí 2017. Með þeim er ákvörðunarvald um laun og starfskjör bankastjóra fært aftur í hendur stjórnar Íslandsbanka hf. frá og með 1. júlí 2017.

Bankasýsla ríkisins vill af þessu tilefni benda á að núgildandi eigandastefna ríkisins frá árinu 2009 fyrir fjármálafyrirtæki kveður á um að stefnan „*gildi gagnvart aðilum sem fara með eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum og einnig þeim sem setjast í stjórnir fyrir hönd ríkisins*“. Jafnframt kemur þar fram að „*[o]pinber fjármálafyrirtæki skulu tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum. Með þessu er átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi.*“ Í þessu sambandi er vert að benda á að í núgildandi starfskjarastefnu Íslandsbanka hf. segir að föst laun og aðrar greiðslur til bankastjóra skulu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem bankinn starfar á og m.a. taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans, en ekki leiðandi.

Af þessu sama tilefni hefur Bankasýsla ríkisins fengið í upplýsingaskyni erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, dags. 6. janúar 2017, sem stofnunin vill vekja sérstaka athygli á. Um var að ræða bréf til stjórna félaga í meirihlutaeigu ríkisins sem falla undir almenna eigandastefnu ríkisins frá árinu 2012. Þar kemur m.a. fram að launastefna félags í meirihlutaeigu ríkisins skuli ekki vera leiðandi, eins og áréttað er í eigandastefnu fyrir fjármálafyrirtæki. Einnig er bent á mikilvægi þess að stjórnir hafi í huga áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði og ábyrgð félaganna í því sambandi. Æskilegt sé að launaákvæðanir séu varkárar, forðast miklar launabreytingar á stuttu tímabili en þess í stað hækka laun með reglubundnum hætti til samræmis við almenna launaþróun.

Virðingarfyllst,


Jón G. Jónsson
Forstjóri

Meðfylgjandi:

Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 6. janúar 2017.

Landsbankinn hf.
vt. Helga Björk Eiríksdóttir stjórnarformaður
Austurstræti 11
155 Reykjavík


Reykjavík, 10. júlí 2017

Efni: Ný eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki

Þann 4. júní sl. birtist á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins ný eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Nær eigandastefnan til fjármálafyrirtækja þar sem Bankasýsla ríkisins hefur umsýslu með eignarhlutum í, þ. á m. Landsbankanum. Er eigandastefna meðfylgjandi þessu bréfi.

Með vísan í ákvæði c. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins og fimmtu meginreglu nýrrar eigandastefnu, sbr. bls. 13 í stefnunni, er hér með óskað eftir því að ný eigandastefna verði kynnt öllu bankaráði með ítarlegum hætti ásamt lykilstjórnendum bankans. Einnig er vísað í inngang eigandastefnunnar en þar segir að „[m]ikilvægt [sé] að eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki á hverjum tíma sé aðgengileg almenningi og kynnt einstökum fyrirtækjum, stjórnnum þeirra og stjórnendum.“

Virðingarfyllt,



f.h. Jóns G. Jónssonar forstjóra
Þóroldur H. Þorsteinsson hdl.

Meðfylgjandi: Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki

Íslandsbanki hf.
vt. Friðrik Sophusson stjórnarformaður
Hagasmára 3
201 Kópavogi


Reykjavík, 10. júlí 2017

Efni: Ný eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki

Þann 4. júní sl. birtist á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins ný eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Nær eigandastefnan til fjármálafyrirtækja þar sem Bankasýsla ríkisins hefur umsýslu með eignarhlutum í, þ. á m. Íslandsbankanum. Er eigandastefnan meðfylgjandi þessu bréfi.

Með vísan í ákvæði c. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins og fimmtu meginreglu nýrrar eigandastefnu, sbr. bls. 13 í stefnunni, er hér með óskað eftir því að ný eigandastefna verði kynnt fyrir allri stjórn bankans með ítarlegum hætti ásamt lykilstjórnendum hans. Einnig er vísað í inngang eigandastefnunnar en þar segir að „[m]ikilvægt [sé] að eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki á hverjum tíma sé aðgengileg almenningi og kynnt einstökum fyrirtækjum, stjórnnum þeirra og stjórnendum.“

Virðingarfyllt,



f.h. Jóns G. Jónssonar forstjóra
Þórolfur H. Þorsteinsson hdl.

Meðfylgjandi: Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki

Íslandsbanki hf.
vt. Friðrik Sophusson, formaður stjórnar
Hagasmára 3
201 Kópavogur

Reykjavík, 2. október 2017

Efni: Laun bankastjóra Íslandsbanka hf.

Þann 31. janúar 2016 framseldi Glitnir ehf. 95% hlut félagsins í Íslandsbanka hf. til íslenska ríkisins. Þann 11. mars sama ár birti Samkeppniseftirlitið ákvörðun nr. 9/2016, þar sem yfirtaka íslenska ríkisins á bankanum var samþykkt með skilyrðum. Með bréfi sama dag fól fjármála- og efnahagsráðuneytið Bankasýslu ríkisins að fara með eignarhlutinn, með skírskotun til laga nr. 88/2009. Fer stofnunin því með allt hlutfé Íslandsbanka hf., þar sem stofnunin fór áður með 5% hlut ríkisins í bankanum fyrir framsal Glitnis ehf.

Á fundi kjararáðs 31. janúar 2017 var tekin ákvörðun um laun og starfskjör bankastjóra Íslandsbanka hf. á grundvelli 2. mgr. 1. gr. þágildandi laga nr. 47/2006 um kjararáð, en samkvæmt greininni var það verkefni ráðsins „að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutfélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins“. Úrskurðaði ráðið að mánaðarlaun bankastjóra skyldu vera að viðbætti yfirvinnu samtals 2.089.016 krónur, eða um 25,1 milljón króna á ársgrundvelli. Til samanburðar kemur fram í ársreikningi bankans fyrir árið 2016 að laun bankastjóra hafi verið 49,1 milljónir króna, að undanskilinni 9,1 milljón króna árangurstengdri greiðslu. Með ákvörðun aðalfundar Íslandsbanka hf. 19. apríl 2016 er stjórn bankans hins vegar óheimilt að gera samninga um árangurstengdar greiðslur eftir 31. desember 2016, nema að fengnu samþykki hluthafafundar.

Það er skilningur Bankasýslu ríkisins að með ákvörðun kjararáðs hafi uppsagnarákvæði í launalið ráðningarsamnings bankastjóra Íslandsbanka hf. virkjast og þar með tólf mánaða uppsagnarfrestur. Með nýjum lögum um kjararáð nr. 130/2016 féll ákvörðun launa og starfskjara fyrrgreindra aðila undan ákvörðunarvaldi ráðsins frá og með 1. júlí sl., þegar löggin tóku gildi. Er því ljóst að ákvörðun ráðsins frá 31. janúar sl. mun ekki koma til framkvæmda.


Í tilefni lagabreytinganna sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið bréf 6. janúar sl. til stjórnar fyrirtækja í ríkiseigu og stjórnar Bankasýslu ríkisins. Þrátt fyrir að bréfið hafði verið sent stjórn stofnunarinnar í upplýsingaskyni taldi hún rétt að áframsenda það á stjórn Íslandsbanka hf., sbr. bréf stofnunarinnar 23. janúar sl. Í bréfi ráðuneytisins voru ítrekuð sjónarmið, sem fram komu í þágildandi eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá september 2009, um að launakjör stjórnenda skuli vera samkeppnishæf, en ekki leiðandi. Þá þótti ráðuneytinu ástæða til þess að vekja sérstaklega athygli á „mikilvægi þess að stjórnir hafi í huga áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði“. Þessi sjónarmið ráðuneytisins voru svo ítrekuð á fundi þess með stjórnarformönnum annarra fyrirtækja en fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins, sem fór fram 10. ágúst sl. Þrátt fyrir að hvorki Bankasýsla ríkisins né fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins hafi átt fulltrúa á fundinum, þá var Bankasýslan upplýst um tilefni


fundarins og telur stofnunin því fullt tilefni til að koma á framfæri þessum sjónarmiðum og fylgir því bréf ráðuneytisins frá 6. janúar þessu bréfi.

Þá ber að nefna að í nágildandi starfskjarastefnu Íslandsbanka hf., sem samþykkt var á aðalfundi bankans 23. mars 2017, segir í 1. mgr. 3. gr., að stjórn skuli ákvarða laun bankastjóra og að föst laun og aðrar greiðslur „skulu vera samkeppnishæf á þeim markaði sem bankinn starfar á og m.a. taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans, en ekki leiðandi“. Þessi sjónarmið eru ítrekuð í meginreglu nýrrar eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá júlí 2017, þar sem kemur fram að fjármálafyrirtæki skuli „setja sér starfskjarastefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi“. Í 3. mgr. 3. gr. starfskjarastefnu bankans kemur einnig fram að starfskjör bankastjóra skuli endurskoða árlega og við slíka endurskoðun „skal höfð hliðsjón af frammistöðu, þróun launakjara á markaði og afkomu bankans.“

Gerð ráðningarsamnings við bankastjóra Íslandsbanka hf. er á forræði stjórnar bankans skv. lögum um hlutafélög, en ekki á forræði hluthafa bankans. Við endurskoðun á ráðningarsamningi er hins vegar mikilvægt að stjórn bankans hafi í huga ákvæði starfskjarastefnu bankans, viðmið eigandastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum og sjónarmið, sem fram koma í meðfylgjandi bréfi fjármála- og efnahagsráðherra frá 6. janúar sl., en þau snúa að því að starfskjör stjórnenda bankans skuli vera samkeppnishæf, en ekki leiðandi, og taka mið af þróun launakjara á markaði.

Virðingarfyllt,


Lárus L. Blöndal, formaður stjórnar


Jón G. Jónsson, forstjóri

Meðfylgjandi: Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins til stjórnar fyrirtækja í ríkiseigu og stjórnar Bankasýslu ríkisins dags. 6. janúar 2017

Landsbankinn hf.
vt. Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2019

Efni: Laun bankastjóra Landsbankans hf.

Bankasýsla ríkisins óskar hér með eftir upplýsingum frá bankaráði Landsbankans hf. um laun bankastjóra, sbr. lög nr. 88/2009 og gr. 5 í samningi stofnunarinnar og bankans frá desember 2010 um almenn og sértæk markmið í rekstri. Óskar stofnunin eftir þessum upplýsingum þar sem hún telur að fréttatilkynning bankans frá 11. febrúar sl. veiti ekki fullnægjandi upplýsingar fyrir hluthafa bankans.

Í fyrsta lagi óskar Bankasýsla ríkisins eftir sjónarmiðum bankaráðs í tengslum við ákvörðun um að hækka laun bankastjóra, annars vegar þegar ákvörðunarvald á launakjörum bankastjóra var fært frá kjararáði til bankaráðs, frá og með 1. júlí 2017, og hins vegar á grundvelli endurskoðunarákvæða ráðningarsamnings frá og með 1. apríl 2018.

Í öðru lagi óskar stofnunin eftir afstöðu bankaráðs til framangreindra launahækkana með hliðsjón annars vegar af bréfi stofnunarinnar dags. 23. janúar 2017, sem er meðfylgjandi ásamt bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 6. janúar sama ár, og hins vegar með hliðsjón af eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Koma þar fram áherslur um hófsemi í launaákvörðunum hjá fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins.


Í þriðja lagi óskar stofnunin eftir upplýsingum frá bankaráði um hvernig staðið verði að endurskoðun á launakjörum bankastjóra 1. apríl nk. í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings. Er í þessu sambandi bent á nýlegar breytingar á kjörum bankastjóra Íslandsbanka hf.

Óskað er eftir ítarlegri greinargerð af hálfu Landsbankans hf. um alla þessa liði sem fyrst og að svar berist á rafrænu formi eigi síðar en 19. febrúar nk. Verður svar bankans birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,



Lára L. Blöndal
Formaður stjórnar



Jón G. Jónsson
Forstjóri

Meðfylgjandi:

Bréf Bankasýslu ríkisins dags. 23. janúar 2017

Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 6. janúar 2017

Íslandsbanki hf.
vt. Friðrik Sophusson, stjórnarformaður
Hagasmára 3
201 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2019

Efni: Laun bankastjóra Íslandsbanka hf.

Bankasýsla ríkisins óskar hér með eftir upplýsingum frá stjórn Íslandsbanka hf. um launakjör bankastjóra, sbr. lög nr. 88/2009 og gr. 4 í samningi stofnunarinnar og bankans frá desember 2018 um almenn og sértæk markmið í rekstri. Óskar stofnunin eftir þessum upplýsingum þar sem hún hefur ekki fullnægjandi upplýsingar um launaþróun bankastjóra.


Í fyrsta lagi óskar Bankasýsla ríkisins eftir nákvæmum upplýsingum um þróun launa og annarra hlunninda bankastjóra frá og með 1. janúar 2016 til dagsins í dag.

Í öðru lagi óskar stofnunin eftir afstöðu stjórnar til framangreindrar launaþróunar bankastjóra með hliðsjón annars vegar af bréfi stofnunarinnar dags. 23. janúar 2017, sem er meðfylgjandi ásamt bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 6. janúar sama ár, og hins vegar með hliðsjón af eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Koma þar fram áherslur um hófsemi í launaákvörðunum hjá fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins.


Í þriðja lagi óskar stofnunin eftir upplýsingum frá stjórn um hvort fyrirhuguð sé endurskoðun á launakjörum bankastjóra á næstu misserum, t.d. vegna samningsbundinna ákvæða ráðningarsamnings.

Óskað er eftir ítarlegri greinargerð af hálfu Íslandsbanka hf. um framangreint sem fyrst og að svar berist á rafrænu formi eigi síðar en 19. febrúar nk. Verður svar bankans birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,



Láraus L. Blöndal
Formaður stjórnar



Jón G. Jónsson
Forstjóri

Meðfylgjandi:

Bréf Bankasýslu ríkisins dags. 23. janúar 2017

Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 6. janúar 2017

Landsbankinn hf.
vt. Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2019


Efni: Bréf ráðherra vegna ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdarstjóra félaga

Bankasýslu ríkisins barst bréf frá fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 12. febrúar sl., varðandi ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdarstjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins, sem féllu þann 1. júlí 2017 undan ákvörðunarvaldi kjararáðs með lögum nr. 130/2016. Er erindi ráðherra meðfylgjandi bréfi þessu. Í bréfinu er óskað eftir ýmsum upplýsingum, m.a. frá Bankasýslu ríkisins en einnig frá stjórnnum fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins.

Í bréfi ráðherra segir orðrétt: „Af þessu tilefni er óskað eftir því að stjórnir og Bankasýsla ríkisins upplýsi fjármála- og efnahagsráðuneytið um það hvernig brugðist hafi verið við þeim tilmælunum sem beint var til þeirra með bréfi ráðuneytisins frá janúar 2017, sem síðar var ítrekað, og í hvaða mæli þau hafa verið höfð til hliðsjónar við ákvörðun launa framkvæmdarstjóra. Hafi stjórnir ákvarðað framkvæmdarstjórum launahækkanir umfram almenna launaþróun, er óskað eftir því að þær færi rök fyrir þeim ákvörðunum með tilvísunar til eigandastefnu.“ Nýlega sendi Bankasýsla ríkisins upplýsingabeiðni til Landsbankans hf., dags. 12. febrúar, með ósk um ítarlega greinargerð varðandi laun bankastjóra. Óskar Bankasýsla ríkisins að haft verði hliðsjón af framangreindu við svör og afhendingu greinargerðar til stofnunarinnar.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi í erindi ráðherra: „Einnig er þess óskað að bréfið verði sent stjórnnum dótturfélaga, þar sem laun framkvæmdarstjóra féllu áður undir kjararáð og þær beðnar um að upplýsa fjármála- og efnahagsráðuneytið um sama atriði.“ Með vísan til framangreinds er þess óskað að bankaráð Landsbankans óski eftir sambærilegum upplýsingum frá stjórnnum dótturfélaga sinna eins og við á, sbr. ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 sem voru leyst af hólmi með lögum nr. 130/2016.

Virðingarfyllt,



Jón G. Jónsson, forstjóri

Meðfylgjandi:

Bréf fjármála- og efnahagsráðherra dags., 12. febrúar 2019

Íslandsbanki hf.
vt. Friðrik Sophusson, stjórnarformaður
Hagasmára 3
201 Kópavogi


Reykjavík, 15. febrúar 2019

Efni: Bréf ráðherra vegna ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdarstjóra félaga

Bankasýslu ríkisins barst bréf frá fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 12. febrúar sl., varðandi ákvörðun launa og starfskjara framkvæmdarstjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins, sem féllu þann 1. júlí 2017 undan ákvörðunarvaldi kjararáðs með lögum nr. 130/2016. Er erindi ráðherra meðfylgjandi bréfi þessu. Í bréfinu er óskað eftir ýmsum upplýsingum, m.a. frá Bankasýslu ríkisins en einnig frá stjórnnum fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins. Í bréfi ráðherra segir orðrétt: „Af þessu tilefni er óskað eftir því að stjórnir og Bankasýsla ríkisins upplýsi fjármála- og efnahagsráðuneytið um það hvernig brugðist hafi verið við þeim tilmælunum sem beint var til þeirra með bréfi ráðuneytisins frá janúar 2017, sem síðar var ítrekað, og í hvaða mæli þau hafa verið höfð til hliðsjónar við ákvörðun launa framkvæmdarstjóra. Hafi stjórnir ákvarðað framkvæmdarstjórum launahækkunar umfram almenna launapróun, er óskað eftir því að þær færi rök fyrir þeim ákvörðunum með tilvísun til eigandastefnu.“ Nýlega sendi Bankasýsla ríkisins upplýsingabeiðni til Íslandsbanka hf., dags. 12. febrúar, með ósk um ítarlega greinargerð varðandi laun bankastjóra. Óskar Bankasýsla ríkisins að haft verði hliðsjón af framangreindu við svör og afhendingu greinargerðar til stofnunarinnar.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi í erindi ráðherra: „Athygli Bankasýslu ríkisins er vakin á því að tilmælin eiga einnig við um Íslandsbanka og skal þá gerð grein fyrir með hvaða hætti ákvarðanir um laun bankastjóra tóku mið af úrskurði kjararáðs (2017.4.003), sem skilgreindi sambærileg viðmið um launasetningu bankastjórans og giltu um launa annarra framkvæmdarstjóra félaga, þó úrskurðurinn hafi ekki komið til framkvæmda fyrir ofangreinda lagabreytingu.“ Þá sagði jafnframt í bréfi ráðherra að „[e]innig er þess óskað að bréfið verði sent stjórnnum dótturfélaga, þar sem laun framkvæmdarstjóra féllu áður undir kjararáð og þær beðnar um að upplýsa fjármála- og efnahagsráðuneytið um sama atriði.“ Með vísan til framangreinds er þess óskað að stjórn Íslandsbanka geri sérstaka grein í áðurnefndri greinargerð til Bankasýslu ríkisins fyrir hvernig laun bankastjórans tóku mið að úrskurði kjararáðs nr. 2017.4.003. Jafnframt er óskað eftir því að stjórn Íslandsbanka óski eftir sambærilegum upplýsingum frá stjórnnum dótturfélaga sinna, þ.e. Borgun hf. og Íslandssjóða hf., sbr. úrskurði kjararáðs nr. 2017.4.010 og nr. 2017.4.015.

Virðingarfyllst,



Jón G. Jónsson, forstjóri

Meðfylgjandi:

Bréf fjármála- og efnahagsráðherra dags., 12. febrúar 2019



Bankasýsla ríkisins
Lárus L. Blöndal, stjórnarformaður
Borgartúni 3
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2019

Efni: Svar við bréfi Bankasýslu ríkisins frá 12. febrúar 2019

Vísað er til bréfs Bankasýslu ríkisins, dags 12. febrúar sl., þar sem óskað er eftir tilteknum upplýsingum frá bankaráði Landsbankans um laun bankastjóra.

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um þrjú nánar tilgreind atriði. Með bréfi, dags. 15. febrúar sl., óskaði Bankasýsla ríkisins eftir því að Landsbankinn hefði við undirbúning svara við upplýsingabeiðninni hliðsjón af bréfi sem stofnuninni barst frá fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 12. febrúar sl.

Svör bankans við þeim þremur atriðum sem óskað er upplýsinga um í bréfi Bankasýslu ríkisins frá 12. febrúar sl. fara hér á eftir. Í svörum við öðru atriðinu hefur verið tekið tillit til bréfs stofnunarinnar frá 15. febrúar sl. Þess ber að geta að innan samstæðu Landsbankans féllu framkvæmdastjórar dótturfélaga bankans ekki undir gildissvið laga um kjararáð á árunum 2009-2017.

Í fyrsta lagi óskar Bankasýsla ríkisins eftir sjónarmiðum bankaráðs í tengslum við ákvörðun um að hækka laun bankastjóra, annars vegar þegar ákvörðunarvald á launakjörum bankastjóra var fært frá kjararáði til bankaráðs, frá og með 1. júlí 2017, og hins vegar á grundvelli endurskoðunarákvæða ráðningarsamnings frá og með 1. apríl 2018.

Forsendur fyrir ákvörðun launa

Í samræmi við 79. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 setur Landsbankinn sér starfskjarastefnu sem samþykkt er á aðalfundi bankans. Í starfskjarastefnu bankans, sem gildi á þeim tíma þegar umræddar ákvarðanir um laun bankastjóra voru teknar, segir m.a.:

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í starfskjarastefnunni segir jafnframt: „Starfskjör helstu stjórnenda skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum á fjármálamarkaði og ákveðin í samræmi við lög, en þó ekki leiðandi.“



Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá 2009 segir m.a.: „Opinber fjármálafyrirtæki skulu tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum. Með þessu er átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi.“ Ný eigandastefna tók gildi 1. júlí 2017 og þar er kveðið á um að félögin skuli setja sér starfskjarastefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.

Í samningi Bankasýslu ríkisins og bankaráðs Landsbankans, dags. 16. desember 2010, kemur fram að stefnt skuli að því að starfskjör bankastjóra Landsbankans verði sem fyrst sambærileg við kjör fyrir svipuð störf á fjármálamarkaði en þó ekki leiðandi.

Í bréfi Bankasýslu ríkisins til Landsbankans frá 23. janúar 2017 er vakin athygli á erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu frá 6. janúar 2017. Þar kemur m.a. fram að launastefna félags í meirihlutaeigu ríkisins skuli ekki vera leiðandi, eins og áréttað sé í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Einnig er bent á mikilvægi þess að stjórnir hafi í huga áhrif launaákvæðana á stöðugleika á vinnumarkaði og ábyrgð félaganna í því sambandi. Æskilegt sé að launaákvæðanir séu varkárar, forðast skuli miklar launabreytingar á stuttu tímabili en þess í stað að hækka laun með reglubundnum hætti til samræmis við almenna launaþróun.

Launakjör bankastjóra

Ákvörðun um laun bankastjóra Landsbankans var í höndum kjararáðs frá árinu 2009 til ársins 2017. Bankaráð Landsbankans vakti þegar í ársbyrjun 2010 athygli á að brýnt væri að breyta ákvæðum í lögum um kjararáð, þannig að bankinn gæti boðið bankastjóra samkeppnishæf laun. Þáverandi formenn bankaráðs áréttuðu þetta á aðalfundum bankans á árunum 2013 og 2014. Bankaráð var þar að auki í samskiptum við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Bankasýslu ríkisins og kjararáð vegna málsins á þessu tímabili.

Í bréfi til kjararáðs 20. nóvember 2014 fjallaði bankaráð um aðila sem telja verði sambærilega við bankastjóra Landsbankans með tilliti til starfa og ábyrgðar. Meðal annars var bent á að Landsbankinn væri töluvert stærrí en Arion banki hf. og Íslandsbanki hf. hvað varði efnahag og eigið fé og sama gilti um rekstrartekjur. Það var því mat bankaráðs að kjararáði bæri skylda til að gæta að því að starfskjör bankastjóra Landsbankans væru í samræmi við laun annarra bankastjóra hér á landi. Í bréfinu var jafnframt bent á að mánaðarlaun bankastjóra Arion banka og Íslandsbanka væru tvisvar til þrisvar sinnum hærrí en laun bankastjóra Landsbankans.

Launakjör bankastjóra Landsbankans, sem ákvörðuð voru af kjararáði, voru ekki samkeppnishæf og því ekki í samræmi við starfskjarastefnu bankans að mati bankaráðs. Þá var bankastjóri Landsbankans til margra ára á lægri launum en undirmenn hans, þ.e. framkvæmdastjórar einstakra sviða, og á mun lægri launum en aðrir stjórnendur í fjármálafyrirtækjum. Í samræmi við starfskjarastefnu bankans hefur það verið mat bankaráðs, allt frá árinu 2010, að eðlilegt væri að bankastjóri Landsbankans nyti sambærilegra kjara við aðra æðstu stjórnendur í fjármálakerfinu, þó ekki leiðandi.

Ákvörðun launa nýs bankastjóra

Auglýst var eftir nýjum bankastjóra Landsbankans 10. desember 2016. Þann 12. desember var lagt fyrir Alþingi frumvarp til nýrra laga um kjararáð. Frumvarpið varð að lögum nr. 130/2016 í lok desember það ár. Með lögnum var ákvörðunarvald um kjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkisins fært til viðkomandi stjórna frá og með 1. júlí 2017.



Í aðdraganda ráðningar nýs bankastjóra var leitað til óháðra ráðgjafarfyrirtækja um afmörkun á því hvað telja ætti samkeppnishæf laun en þó ekki leiðandi.

Niðurstöður ráðgjafarfyrirtækjanna voru m.a. á þann veg að eðlilegt væri að launin væru á bilinu 3,5-4,9 milljónir króna á mánuði. Á fundi starfskjaranefndar 12. janúar 2017 var rætt um að í ljósi þessa mætti gera ráð fyrir að laun bankastjóra Landsbankans teldust samkeppnishæf en ekki leiðandi ef þau væru á bilinu 3,5-4,5 milljónir króna á mánuði. Óhjákvæmilegt væri þó að líta til þess að byrjunarlaun yrðu lægri.

Í samræmi við starfskjarastefnu bankans, að fengnu álit ráðgjafarfyrirtækjanna og að teknu tilliti til eigandastefna ríkisins var kveðið á um í ráðningarsamningi að umsamin byrjunarlaun nýs bankastjóra yrðu frá 1. júlí 2017 alls 3.250.000 krónur.

Í samningnum kemur fram að það sé stefna bankaráðs að greiða bankastjóra samkeppnishæf laun. Jafnframt kemur fram að laun skuli sæta árlegri endurskoðun og að fyrsta endurskoðun skuli fara fram 1. apríl 2018.

Samkomulag náðist um ráðningu og launakjör nýs bankastjóra 22. janúar 2017 og var skrifað undir ráðningarsamning 23. janúar 2017.

Daginn eftir barst áður nefnt bréf frá Bankasýslu ríkisins, dagsett 23. janúar 2017, þar sem vakin var athygli á erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu frá 6. janúar 2017. Bréfið var lagt fram á fundi starfskjaranefndar 31. janúar 2017.

Ný eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki tók gildi í júlí 2017. Í stefnunni frá 2009 sagði eftirfarandi um launakjör: „Opinber fjármálafyrirtæki skulu tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum. Með þessu er átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi.“ Í eigandastefnunni frá 2017 er kveðið á um eftirfarandi meginreglu: „Félagið skal setja sér starfskjarastefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.“

Ný eigandastefna var kynnt fyrir bankaráði á fundi 27. júlí 2017 og gert grein fyrir helstu breytingum. Að mati bankaráðs felur ofangreind meginregla í eigandastefnunni frá 2017 um að starfskjarastefnan skuli vera „samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi“ í sér sama viðmið og kveðið er á um í eldri stefnunni um „hófsemi þegar kemur að launakjörum“. Að mati bankaráðs ber að skýra orðin „hófsemi“ og „hófleg“ til samræmis við það sem kemur fram í eigandastefnunni frá 2009, þ.e. að með því sé átt við að „laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi“. Ákvörðun um launakjör nýs bankastjóra var í samræmi við þetta.

Eins og fram kemur hér að framan er í ráðningarsamningi við bankastjóra kveðið á um að laun og aðrar greiðslur skuli sæta árlegri endurskoðun og að fyrsta endurskoðun skuli fara fram 1. apríl 2018. Fyrir endurskoðunina var aflað gagna frá óháðu ráðgjafarfyrirtæki þar sem fjallað var um kjör forstjóra skráðra íslenskra fyrirtækja. Jafnframt var lagður fram samanburður á launum bankastjóra í stóru bönkunum þremur. Við þá endurskoðun var litlið til frammistöðu bankastjóra, árangurs í rekstri bankans og starfskjarastefnu í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings.

Í gögnunum kom fram að launakjör bankastjóra Landsbankans voru á árinu 2017 mun lægri en kjör bankastjóra Íslandsbanka og Arion banka. Mánaðarlaun bankastjóra Landsbankans voru sem fyrr segir 3,25 milljónir krónur á mánuði en meðalmánaðarlaun bankastjóra Íslandsbanka voru rúmlega 4,8 milljónir



króna og meðalmánaðarlaun bankastjóra Arion banka voru rúmlega 5,9 milljónir króna, samkvæmt ársreikningum bankanna.

Meðal annars var horft til þess að frá því að ráðningarsamningur við nýjan bankastjóra var undirritaður 23. janúar 2017 og þar til ákvörðun um hækkun launa 1. apríl 2018 var tekin í maí 2018, höfðu laun þeirra sem heyra undir kjarasamning Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja hækkað tvívegis, samtals um 10%.

Á fundi bankaráðs þann 3. maí 2018 var rætt um frammistöðu og árangur bankastjóra fyrsta starfsárið. Rekstur Landsbankans hafði gengið vel og var talið að bankastjóri hefði stuðlað að jákvæðum breytingum í rekstri og starfsemi bankans. Að loknum umræðum samþykkti bankaráð að hækka laun bankastjóra með vísan til endurskoðunarákvæðis í ráðningarsamningnum í 3,8 milljónir króna frá og með 1. apríl 2018. Hækkun frá umsömdum launakjörum, sem voru 3,25 milljónir króna, nam um 17%.

Eftir þá hækkun voru laun bankastjóra Landsbankans enn verulega lægri en laun bankastjóra hinna stóru bankanna tveggja. Þá voru launin við neðri mörk þess launabils sem ráðgjafarfyrirtæki töldu samkeppnishæf en ekki leiðandi þegar nýr bankastjóri var ráðinn til starfa árið 2017.

Í öðru lagi óskar Bankasýsla ríkisins eftir afstöðu bankaráðs til framangreindra launahækkana með hliðsjón annars vegar af bréfi stofnunarinnar dags. 23. janúar 2017, sem er meðfylgjandi ásamt bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 6. janúar sama ár, og hins vegar með hliðsjón af eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki. Koma þar fram áherslur um hófsemi í launákvörðunum hjá fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins. Með bréfi, dags. 15. febrúar sl., vísaði Bankasýsla ríkisins jafnframt til bréfs fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 12. febrúar sl.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 6. janúar 2017, er að finna tilmæli sem náðu m.a. til bankaráðs Landsbankans um ákvörðun launa bankastjóra bankans. Verður hér gerð grein fyrir því hvernig bankaráð tók mið af þessum tilmælum:

Í bréfi ráðuneytisins eru tilmæli um að við launaákvæðanir fylgi stjórnir ákvæðum eigandastefnu ríkisins frá árinu 2009. Um þetta atriði er vísað til umfjöllunar hér að ofan. Ákvörðun bankaráðs byggði á samanburði við önnur sambærileg fyrirtæki án þess þó að vera leiðandi. Miðað var við laun æðstu yfirmanna annarra fjármálafyrirtækja, þ.m.t. banka sem einnig er í eigu ríkisins, og telur bankaráð að ákvarðanir þess um launakjör bankastjóra Landsbankans uppfylli í senn skilyrði starfskjarastefnu Landsbankans og eigandastefnu ríkisins. Hefði ákvörðun um laun nýs bankastjóra eingöngu verið byggð á almennri launapróun frá 1. mars 2010, þegar fyrsti úrskurður kjararáðs um laun bankastjóra tók gildi,¹ hefði slík ákvörðun, að mati bankaráðs, ekki verið í samræmi við ákvæði eigandastefnu ríkisins frá 2009, bls. 10, um „hófsemi þegar kemur að launakjörum“, þ.e. að „laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi“. Í eigandastefnunni, bls. 10, kemur jafnframt fram að það var ábyrgð bankaráðs að starfskjarastefnu bankans væri fylgt. Ákvörðun um að byggja eingöngu á þróun launavísitölu hefði ekki verið í samræmi við ákvæði starfskjarastefnu bankans um að launin skyldu vera „samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum á fjármálamarkaði“. Bankaráð áréttar að vegna

¹ Áður en fyrsti úrskurður kjararáðs um laun bankastjóra Landsbankans tók gildi 1. mars 2010 voru heildarlaun þáverandi bankastjóra 1,7 milljónir króna á mánuði. Miðað við þróun launavísitölu samsvarar sú fjárhæð um 2,9 milljónum króna 1. júlí 2017.



þeirra sérstöku aðstæðna sem eru uppi í þessu máli, þ.e. að laun bankastjóra Landsbankans höfðu dregist langt aftur úr kjörum annarra æðstu stjórnenda á fjármálamarkaði, hafi verið nauðsynlegt að færa launakjör bankastjórans nær þeim launum sem greidd eru fyrir sambærileg störf hjá sambærilegum fyrirtækjum.

Í bréfi ráðuneytisins eru jafnframt tilmæli um að stjórn sé skylt að horfa til ábyrgðar og árangurs við ákvörðun um starfskjör og gæta að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Hér er um að ræða tilvitnun í starfskjarastefnu bankans og hefur hér að ofan verið fjallað um að bankaráð lagði starfskjarastefnuna, og þar með talið þetta ákvæði stefnunnar, til grundvallar við ákvörðun á launum bankastjóra. Þar var m.a. horft til viðtækrar ábyrgðar, frammistöðu og árangurs bankastjóra sem og jafnréttissjónarmiða.

Þá eru í bréfi ráðuneytisins tilmæli um að hafa eigi í huga áhrif launaákvæðana og að æskilegt sé að þær séu varkárar. Bankaráð telur að komið hafi verið til móts við þessi tilmæli að því marki sem hafi rúmast innan starfskjarastefnunnar og eigandastefnunnar. Ákvörðun um laun bankastjóra hafi verið varkár að því leyti að umsamin laun hafi ekki verið leiðandi, þ.e. verið töluvert lægri en laun bankastjóra hinna tveggja stóru bankanna. Þá hafi verið ákveðið að breytingar á launum skyldu framkvæmdar í áföngum.

Í þriðja lagi óskar stofnunin eftir upplýsingum frá bankaráði um hvernig staðið verði að endurskoðun á launakjörum bankastjóra 1. apríl nk. í samræmi við ákvæði ráðningarsamnings. Er í þessu sambandi bent á nýlegar breytingar á kjörum bankastjóra Íslandsbanka hf.

Eins og fyrir segir er í ráðningarsamningi við bankastjóra Landsbankans ákvæði um að launin skuli endurskoðuð einu sinni á ári af bankaráði. Umræða um endurskoðun launa á þessu ári hefur ekki farið fram en við þá endurskoðun verður byggt á starfskjarastefnu Landsbankans eins og hún verður samþykkt á aðalfundi bankans 20. mars.

Samkvæmt upplýsingum sem hafa komið fram í fjölmiðlum nema mánaðarlaun bankastjóra Íslandsbanka, um 4,8 milljónum króna á árinu 2019, eftir nýlegar breytingar á kjörum bankastjórans.² Mánaðarlaun bankastjóra Landsbankans eru 3,8 milljónir króna. Miðað við þessar upplýsingar er munurinn á launum bankastjóranna tveggja um 12 milljónir króna á ársgrundvelli.

Virðingarfyllst,

Helga Björk Eiríksdóttir
Formaður bankaráðs Landsbankans hf.

² Upplýsingar um laun bankastjóra Íslandsbanka á árinu 2019 koma m.a. fram í frétt á Kjarninn.is, 13. febrúar 2019: „Friðrik: Engar óhóflegar hækkunir á launum bankastjórans.“ Einnig í frétt á forsíðu Morgunblaðsins 15. febrúar: „Lækkun vísaði til grunnlauna“ og í frétt mbl.is 16. febrúar: „Lækkun launa Birnu í raun 6,8%-9,5%.“

Reykjavík, 18. febrúar 2019

Bankasýsla ríkisins
Lárus L. Blöndal, formaður stjórnar
Borgartún 3
101 Reykjavík

Efni: Laun bankastjóra Íslandsbanka hf.

Vísað er til bréfs Bankasýslu ríkisins til stjórnar Íslandsbanka, dags. 12. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir upplýsingum um laun bankastjóra Íslandsbanka og þróun þeirra frá 1. janúar 2016 til dagsins í dag. Þá var í bréfinu óskað eftir afstöðu stjórnar til launaþróunar bankastjóra annars vegar með hliðsjón af bréfi Bankasýslu ríkisins dags. 23. janúar 2017 og bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins dags. 6. janúar sama ár og hins vegar með hliðsjón af eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, þar sem fram komi áherslur um hófsemi í launaákvörðunum hjá fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins. Loks er óskað upplýsinga um það frá stjórn hvort endurskoðun á launakjörum bankastjóra sé fyrirhuguð á næstu misserum.

Ennfremur er vísað til bréfs Bankasýslu ríkisins frá 15. febrúar 2019, þar sem bréfi fjármála- og efnahagsráðherra frá 12. febrúar 2019, var komið á framfæri við stjórnina. Þar var einnig óskað eftir upplýsingum um hvernig stjórn hafi brugðist við tilmælum í fyrrgreindu bréfi ráðuneytisins frá 6. janúar 2017 og í hvaða mæli þau sjónarmið sem þar voru sett fram hafi verið höfð til hliðsjónar við ákvörðun launa framkvæmdastjóra og skýringa óskað hafi launhækkanir framkvæmdastjóra verið umfram almenna launaþróun.

Þess var óskað að bréfi ráðherra yrði jafnframt komið á framfæri við dótturfélög bankans, Borgun hf. og Íslandssjóði hf. og hefur það þegar verið gert.

I. Laun og hlunnindi bankastjóra

Þegar íslenska ríkið tók yfir 95% eignarhlut Glitnis hf. í Íslandsbanka í ársbyrjun 2016 var í gildi ráðningarsamningur bankans við Birnu Einarsdóttur, bankastjóra dags. 5. júní 2012, með viðaukum frá 23. janúar 2013, 28. nóvember 2014 og 21. desember 2015.

Launakjör bankastjóra voru þann 1. janúar 2016 á þessa leið:

Föst mánaðarlaun námu kr. 3.850.000. Til viðbótar föstum mánaðarlaunum skyldi greiða bankastjóra árangurstengd laun, allt að 25% af grunnlaunum samkvæmt sérstökum samningi gerðum til eins árs í senn eða sem svarar til allt að 962.500 kr. á mánuði. Samkvæmt ráðningarsamningi getur bankastjóri valið um að fá endurgreiddan kostnað vegna afnota af eigin bifreið eða fengið bifreið til afnota á

kostnað bankans. Bankastjóri hefur valið síðari kostinn. Skattmat hlunninda bankastjóra nam kr. 202.437 á mánuði á árinu 2016.

Á aðalfundi bankans sem haldinn var 19. apríl 2016, var samþykkt breyting á starfskjarastefnu bankans í þá veru, að ekki skyldu gerðir nýir samningar um kaupauka eftir 31. desember 2016. Í samræmi við þá breytingu voru kaupaukar lagðir af í Íslandsbanka frá og með 1. janúar 2017. Í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi er skylt að fresta greiðslu á 40% kaupauka í þrjú ár hið minnsta. Kaupaukagreiðslur sem greiddar hafa verið til bankastjóra eftir 1. janúar 2017 eru eftirstöðvar kaupaukagreiðslna fyrri ára. Þannig voru eftirstöðvar kaupauka sem ákvarðaður var fyrir árið 2014 greiddur til bankastjóra í apríl árið 2018. Eftirstöðvar kaupaukagreiðslna teljast til skattskyldra launatekna þegar þær eru greiddar út, enda þótt þær hafi verið færðar til gjalda hjá fjármálafyrirtækinu a.m.k. þremur árum fyrr.

Frá 1. janúar 2016 hefur verið samið þannig um breytingar á starfskjörum bankastjóra Íslandsbanka:

| Starfskjör gilda frá | Grunnlaun | Kaupauki | Hlunnindi | Samtals |
|----------------------|-----------|---------------|-----------|-------------------|
| 1.1.2016 | 3.850.000 | Allt að 25% * | 202.437 | Allt að 5.014.937 |
| 1.1.2017 | 3.850.000 | Enginn | 168.928 | 4.018.928 |
| 1.8.2017 | 4.215.000 | Enginn | 168.928 | 4.383.928 |
| 1.1.2018 | 4.890.000 | Enginn | 221.635 | 5.111.635 |
| 1.1.2019 | 4.200.000 | Enginn | 201.273 | 4.401.273 |

* Kaupauki fyrir 2016 nam 21,13%.

Að teknu tilliti til brottfalls samninga um kaupauka hafa umsamin heildarlaun bankastjóra Íslandsbanka lækkað um ríflega 600 þúsund krónur á mánuði eða 12,2% frá 1. janúar 2016. Grunnlaun bankastjóra hafa hækkað um 350.000 kr. eða 9,1% á tímabilinu frá 1. 1.2016. Á sama tímabili hefur launavísitala hækkað um 23,1%.

Árleg heildarkjör bankastjóra frá 2016 eins og þau birtast í ársreikningi má sjá í töflu hér fyrir neðan. Ekki hefur verið samið um kaupauka við bankastjóra eftir 1. janúar 2017. Kaupaukagreiðslur til bankastjóra eftir það tímamark byggja á samningum fyrri ára um kaupauka. Í töflunni hér að neðan eru starfskjör bankastjóra fyrir umbeðið tímabil sundurliðuð niður á þau ár sem launin eru greidd, til samræmis við ársskýrslur bankans. Samkvæmt lögum um tekjuskatt er heimilt að greiða allt að tvær milljónir króna á ári í lífeyrissjóð umfram umsamið mótframlag. Bankastjóri nýtir sér þann möguleika og fær hluta launa sinna greiddan í lífeyrissjóð sem er færður sem mótframlag.

| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019* |
|-------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Grunnlaun | 49.149.100 | 46.315.600 | 56.970.600 | 50.400.000 |
| Skattmat hlunninda | 2.429.241 | 2.027.138 | 2.659.617 | 2.415.276 |
| Kaupauki v. 2015 (60%) | 6.218.663 | | | |
| Kaupauki v. 2012 (40%) | 2.838.541 | | | |
| Kaupauki v. 2016 (60%) | | 5.856.544 | | |
| Kaupauki v. 2013 (40%) | | 3.852.808 | | |
| Kaupauki v. 2014 (40%) | | | 3.924.764 | |
| Kaupauki v. 2015 (40%) | | | | 4.700.000 |
| Samtals | 60.635.545 | 58.052.090 | 63.554.981 | 57.515.276 |
| | | | | * Áætlað |
| Breyting frá fyrra ári | | -4,3% | 9,5% | -9,5% |
| Breyting frá árinu 2016 | | -4,3% | 4,8% | -5,1% |

Til samanburðar nema breytingar á launavísitölu frá janúar 2016 nema 23,1%

II. Afstaða stjórnar Íslandsbanka til þróunar á launum bankastjóra

Laun og önnur starfskjör bankastjóra Íslandsbanka hafa verið ákvörðuð af stjórn bankans í samræmi við starfskjarastefnu bankans. Í starfskjarastefnu bankans, sem samþykkt er af hluthöfum ár hvert á aðalfundi, er sett fram það megininntak starfskjarastefnunnar, að bankinn skuli á hverjum tíma bjóða samkeppnishæf starfskjör og sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans, mælt á hefðbundna mælikvarða um umsvif, ábyrgð og árangur, en jafnframt er tekið fram að starfskjörin skuli ekki vera leiðandi. Í stefnunni eru sett fram sömu sjónarmið til stjórnar um ákvörðun starfskjara bankastjórans. Eftir að íslenska ríkið eignaðist Íslandsbanka var heimild til þess að greiða starfsfólki bankans árangurstengdar greiðslur felld niður.

Íslandsbanki er mjög stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða og leiðandi á ýmsum sviðum íslensks atvinnulífs. Bankinn hefur víðtækar starfsheimildir skv. lögum um fjármálafyrirtæki og starfsemi bankans er margþætt og tæknilega flókin, sem gerir miklar kröfur til daglegs stjórnanda um hæfni og stjórnunarhæfileika. Þá má geta þess að Fjármálaeftirlitið gengur úr skugga um hæfni og þekkingu framkvæmdastjóra með prófum til þess að ganga úr skugga um að hann uppfylli þær kröfur um þekkingu og hæfni sem lög gera.

Við ákvörðun launa bankastjórans hefur stjórn meðal annars horft til reynslu bankastjórans, árangurs, viðskiptatengsla og hæfni. Að mati stjórnar Íslandsbanka hefur starfsárangur núverandi bankastjóra, Birnu Einarsdóttur verið afar góður. Hún hefur sinnt starfi sínu af kostgæfni og verið sterkur leiðtogi stjórnunarteymis bankans, m.a. í stefnumótun á umbrotatímum. Þá má sérstaklega nefna endurskipulagningu lána sem Íslandsbanki lauk hraðar en keppinautarnir. Á sama tíma tók bankinn yfir starfsemi tveggja fjármálafyrirtækja og samþætti sínum rekstri. Tekist hefur með skipulegum hætti að ná fram slíkri hagræðingu í starfsemi bankans að starfsmenn eru nú færri en þeir voru fyrir sameiningarnar.

Alþjóðlega fjármálatímaritið Euromoney valdi Íslandsbanka besta bankann á Íslandi árið 2018. Þetta er í fimmta sinn sem bankinn hlýtur viðurkenninguna. Við útnefninguna var m.a. horft til fjárfestinga bankans í grunnstoðum sínum, s.s. innleiðingu á nýju skipulagi, flutningi í nýjar höfuðstöðvar og vinnu við uppfærslu á grunnkerfum sem er stærsta upplýsingatækniverkefni sem bankinn hefur ráðist í. Jafnframt hafi átt sér stað miklar breytingar í stafrænni þróun en nýlega var tilkynnt að bankinn sé sá fyrsti hér á landi til að opna fyrir samstarf við fjártæknifyrirtæki. Efnahagur bankans sé traustur og rekstur stöðugur, bankinn hafi á árinu verið með tímamótaútgáfur á erlendum skuldabréfum auk þess að vera leiðandi í útgáfu á sértryggðum bréfum á innlendum markaði. Viðskiptavinir hafa á sama tíma verið þeir ánægðustu þegar kemur að bankaþjónustu samkvæmt íslensku ánægjuvöginni og starfsánægja starfsmanna sé há.

Ánægja viðskiptavina Íslandsbanka hefur mælst mikil og hefur bankinn hlotið hæstu einkunn banka í íslensku ánægjuvöginni undanfarin sex ár. Íslandsbanki hlaut Hvatningarverðlaun jafnréttismála árið 2016. Verðlaunin eru veitt því fyrirtæki sem hefur stuðlað að auknum möguleikum beggja kynja til starfsframa, jöfnum launum kynjanna, jöfnum hlutföllum kynjanna í stjórnendastöðum og aukinni vitund um þann ávinning sem jafnrétti hefur fyrir fyrirtækið og samfélagið. Íslandsbanki fékk íslensku þekkingarverðlaunin 2016 fyrir árangur í mannauðsmálum. Bankinn hefur lagt áherslu á að virkja starfsfólk til þátttöku í stefnumótun bankans og byggja upp öflugan liðsheimild og fyrirtækjamenningu. Bankinn rekur öflugt fræðslustarf og er brautryðjandi í verkefnum eins og orkustjórnun, markþjálfun og lærimeistaraverkefnum sem hafi skilað miklum árangri.

Það er mikilvægur hluti af starfi stjórnenda stórra fyrirtækja á Íslandi að taka þátt í starfi ýmissa hagsmunasamtaka sem taka þátt í að móta umhverfi íslenskra fyrirtækja. Bankastjóri Íslandsbanka hefur í því samhengi setið í stjórn Samtaka Fjármálafyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins,

Viðskiptaráðs o.fl. sem stjórn telur eðlilegan hluta af starfi bankastjóra. Þá hefur bankastjóri verið eini fulltrúinn frá íslensku fjármálafyrirtæki í Nordics CEO sem eru starfshópur forstjóra stórra fyrirtækja á Norðurlöndunum sem vinnur að heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Starfskjaranefnd og stjórn bankans fara reglulega yfir samanburð á launakjörum bankastjóra við launakjör forstjóra á Íslandi og hefur til þess stuðst við gögn úr Frjálsri verslun, ársreikningum skráðra fyrirtækja sem og ársreikningum annarra fjármálafyrirtækja. Stjórn telur þann samanburð sýna að laun bankastjórans séu ekki leiðandi. Bankanum ber að bjóða starfskjör sem eru sambærileg því sem gerist í starfsumhverfi bankans, mælt á hefðbundna mælikvarða um umsvif, ábyrgð og árangur. Niðurstaða stjórnar er sú að stjórnin hafi fylgt starfskjarastefnu bankans við ákvörðun á launakjörum bankastjórans til samræmis við þær óskir sem fram voru settar bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 6. janúar 2017. Breytingar á launakjörum bankastjóra Íslandsbanka eru vel innan við almenna launaþróun frá þeim tíma.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðherra frá 12. febrúar 2019, var óskað eftir nánari upplýsingum um það með hvaða hætti ákvarðanir stjórnar um laun bankastjóra hafi tekið mið af úrskurði Kjararáðs 2017.4.003.

Þegar úrskurður Kjararáðs var kveðinn upp, þann 31. janúar 2017, lágu fyrir nýsamþykkt lög frá Alþingi um Kjararáð. Við gildistöku laganna, þann 1. júlí 2017, færðist vald til að semja um launakjör við bankastjóra Íslandsbanka frá Kjararáði til stjórnar bankans. Stjórnin fékk þá það vald í hendur sem stjórnir hlutafélaga hafa almennt, þ.e. að semja um laun og önnur starfskjör innan þeirra marka sem starfskjarastefna félagsins heimilar. Umsaminn uppsagnarfrestur í ráðningarsamningi bankastjóra Íslandsbanka er 12 mánuðir. Þannig var ljóst að úrskurður Kjararáðs um launakjör bankastjórans kæmi ekki til framkvæmda fyrr en eftir að vald Kjararáðs til að mæla fyrir um starfskjör bankastjórans hefði fallið niður. Kjararáð gerði grein fyrir forsendum í úrskurði sínum og tók meðal annars fram að við ákvörðun skyldi gætt að innbyrðis samræmi í starfskjörum sem ráðið ákveður þannig að þau væru á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir gætu talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Þá var þess sérstaklega getið að við ákvörðun sína skyldi Kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra.

Úrskurður ráðsins kom aldrei til framkvæmda og var ekki lagður til grundvallar við ákvörðun stjórnar um launakjör bankastjóra. Þegar stjórnin hafði aftur fengið ákvörðunarvald um laun bankastjórans, tók hún mið af starfskjarastefnu Íslandsbanka í störfum sínum. Þar er kveðið á um að föst laun og aðrar greiðslur til bankastjóra skuli vera „samkeppnishæf á þeim markaði sem bankinn starfar á og m.a. taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfans, en ekki leiðandi.“

Stjórn bankans telur sig hafa unnið í samræmi við ákvæði starfskjarastefnu bankans. ***Heildarlaun bankastjórans verða lægri á árinu 2019 heldur en þau voru á árinu 2016 þegar ríkið eignaðist bankann.***


III. Endurskoðun á launakjörum bankastjóra

Stjórn og bankastjóri hafa samið um að laun bankastjóra verði kr. 4.200.000 á mánuði frá 1. janúar 2019 eða um kr. 4.400.000 á mánuði að meðtöldum hlunnindum. Fyrir liggur sú ákvörðun stjórnar og bankastjóra að laun bankastjóra og æðstu stjórnenda bankans skuli ekki breytast á árinu 2019 og að launahækkanir í kjölfar komandi kjarasamninga skuli ekki hafa áhrif á laun æðstu stjórnenda bankans.

Það er von stjórnar bankans að með bréfi þessu séu veitt fullnægjandi svör við fyrirspurnum Bankasýslunnar. Sé frekari upplýsinga óskað verða þær fúslega veittar.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Íslandsbanka hf.

A handwritten signature in blue ink, reading "Friðrik Sophusson". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður